

Nr. 127 / 10 Kristina EA 410**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 2662
Smíðaður: Spánn 1994, stál
Stærð: 4280 brl. 7682 bt.
Mesta lengd: 105 m Skráð lengd: 93,89 m
Breidd: 20 m Dýpt: 14,7 m
Vél: Wartsila 5920 kW, 1994
Fjöldi skipverja: 35



Kristina©Gunnar Anton

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. september 2010 var Kristina EA 410 á togveiðum á Austurdjúpi. Veður: SA 7 m/sek. og ölduhæð 1,7 m.

Skipverji var að vinna við að taka umbúðir úr lyftu sem gengur á milli þilfara. Bretti með umbúðum skorðaðist fast í lyftunni en við að losa það féll skipverjinn aftur fyrir sig og fékk hnykk á hálsinn.

Við rannsókn kom fram:

- að brettin eru keyrð eftir rúllubraut úr lyftunni en í þetta sinn hallaðist farmur þess upp að vegg lyftunnar og það sat fast;
- að við að losa brettið voru tveir aðrir skipverjar við það að framan verðu. Slasaði fór upp á það í lyftuganginum og reyndi að spyrna því með fótunum með bakið upp að veggnum. Við þetta losnaði brettið snögglega, hallaðist yfir í hina áttina og skipverjinn missti fótanna. Féll hann niður á brettið og lenti í keng á milli þess og veggisins. Félagar hans náðu að grípa í fætur hans og koma í veg fyrir að hann félli niður á milli brettisins og lyftuveggs;
- að skipverjinn hélt að brettið hefði verið um eitt tonn að þyngd;
- að ekki var nein hreyfing á skipinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.